

Ná.

225. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá Jóni Sigurðssyni og Magnúsi Guðmundssyni.

Við 1. gr.

1. málslíður 4. málsgreinar orðist svo:

Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðiafnot hvort sem laxveiðin er rekin sem atvinna eða aðeins til skemtunar, og á hvern hátt sem veiðin er stunduð, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot, þótt engin ábúð fylgi, svo sem slægjuafnot, ef leigusali slægna er ekki útsvarsskyldur í þeim hreppi, sem slægjuland er í, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin um styttri tíma.